

Ef slys veldur ekki óvinnufærni í 10 daga greiðist framangreindur kostnaður ekki úr slysatryggingu íþróttamanna.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í e-lið 1. mgr. 24. gr. og 66. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 2002 og tekur til slysa sem eiga sér stað eftir 31. mars 2002.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

Greiðslur fyrir læknisvottorð.

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- a. Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötlud og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- b. Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- c. Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- d. Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- a. Kr. 700 fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum og vegna sjúkranudds.
- b. Kr. 1.200 fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisáðgerðir og alþjóða-ónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar og vegna veitingar ökuleyfis og dagmóðurstarfa.
- c. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum (framhaldsvottorð), andláts (dánarvottorð), umsókna um félagslegar íbúðir, fóstureyðingar, ófrjósemisaðgerðar og til skattyfirvalda.
- d. Kr. 2.500 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum stéttarféлага (frumvott-

- orð), byssuleyfis, dvalar, starfa eða skóla erlendis, sjálfræðissviptingar og um heilsu-
far eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda.
- e. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafé-
laga og lífeyrissjóða vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur (frumvottorð),
lögreglu, sýslumanna og vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi skal miða við
hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir
hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð skv. 1. og 2. mgr. skulu renna til heilbrigðisstofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryg-
ingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síð-
ari breytingum, öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 22. mars 2002.

Jón Kristjánsson.

Ragnheiður Haraldsdóttir.